



## FUNDARGERÐ

**Yfirskrift / efni:** 7. fundur stjórnar KLÍ, 2008-2009  
**Staðsetning:** Skrifstofu KLÍ  
**Hvenær:** Miðvikudag, 13.08.08 kl. 17.30  
**Þátttakendur:** Þórir Ingvarsson (ÞI) formaður  
Þórarinn Már Þorbjörnsson (ÞMÞ) varaformaður  
Valgeir Guðbjartsson (VG) gjaldkeri  
Helga Sigurðardóttir (HS) varamaður  
Guðmundur Sigurðsson (GS) varamaður  
  
**Boðuð forföll:** Hörður Ingi Jóhannsson (HIJ) ritari  
Ásgrímur Helgi Einarsson (AHE) varamaður  
**Fjarverandi:** Árni Geir Ómarsson (AGO) meðstjórnandi.  
**Fundarritari:** VG

**Helstu mál:** Starfsmannamál, skráningarskil, dagskrá tímabils, kli.is, önnur mál.

### Dagskrá fundarins:

#### 1. Fundargerð síðustu funda.

Fundargerð 5. fundar hefur ekki borist til yfirferðar frá AGO, en fundargerð 6 samþykkt samhljóða.

#### 2. Starfsmannamál.

Haft var samband við 4 aðila sem var raðað sem fyrsti valkostur í starfsmanns stöðu hjá KLÍ, einn af þessum aðilum gaf strax afsvar en ráðningarnefnd (ÞI, ÞMÞ og VG) hittu hina 3 aðilana að máli dagana 11. Og 12. Ágúst, eftir þessi viðtöl þá kom nefnd sér saman um fyrsta valkost og var það kynnt á fundinum, ÞI verður síðan í sambandi við viðkomandi aðila til að bjóða starfið.

#### 3. Skráningarskil

Ekki hafa borist frekari skráningar, ÍR fær frest til 19. ágúst með að ákveða hvort 12 liðið kemur í 2. deild – í framhaldi verður raðað á brautir í 2 deild. Brautarniðurröðun í 1 d kk og kvk er klár. Skráningar í deildarbikar og bikar er klár.

#### 4. Dagskrá tímabils.

Dagskrá hefur ekki tekið breytingum frá síðustu umfjöllun, nema smá lítilsháttar lagfæringar, unnið hefur verið í að raða á brautir. Lokaútgáfa verður til fljótlega eftir næsta stjórnarfund – vika 34.

#### 5. [www.kli.is](http://www.kli.is)

ÞI hefur verið í sambandi við Þórhall Hálfðánarson a.m.k. 2x síðustu daga. ÞH hefur nú þegar sett af stað ákveðna vinnu, hann hefur lofað að taka frá tíma til kennslu starfsmanns og fyrir fleiri.

#### 6. Erindi KFK um nafn á nýja liðinu.

Málið rætt ýtarlega, og allir sammála um að samþykkja ekki KFK-Kjúklinga.

#### 7. Önnur mál - engin

Fundi slitið kl. 18:45  
Næsti fundur miðvikudag 20.08.2008 kl. 17:30